

Aðalfundur 2008

~ Haldinn þann 16.janúar 2008 ~



Svipmyndir



Lendingarkeppni FMS 2007

2. Guðni Sigurjónsson, 1. Magnús Kristinsson, 3. Eiður Erlendsson

Dagskrá aðalfundar

- Kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
- Kosning stjórnar
 - Formaður og gjaldkeri
- Tillögur og lagabreytingar
- Önnur mál
- Kaffi
- Vídeóannáll 2007 frumsýndur

Skýrsla stjórnar

Árið í ár er búið að vera viðburðaríkt þó seint takist að toppa árið í fyrra þegar við misstum Suðurvöll og byggðum upp Arnarvöll á innan við hálfu ári með miklu grettistaki og aðstoð góðra aðila.

Janúar var frekar rólegur en þó var eitthvað flogið venju samkvæmt.

Aðalfundur félagsins var haldin í húsakynnum Vinnueftirlitsins í Reykjavík þann 14.febrúar og var góð mæting, eftir stórframkvæmdir síðasta árs var smá tap á rekstri félagsins en þó ekkert sem kom á óvart. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Guðni V. Sveinsson var kjörinn vallarstjóri og Gunnar M. Magnússon meðstjórnandi. Samþykkt var að hækka félagsgjöld og taka upp sérstök ungmenngjöld.

Hafist var handa við framkvæmdir í aðstöðu félagsins sem Jarðboranir gáfu okkur af miklum rausnarskap og fóru ófáar stundir í það næstu 2 mánuðina að huga að henni.

Að sjálfsögu var flogið þegar viðraði.

Í mars leit sjöunda útgáfa vefsíðu félagsins dagsins ljós en á næsta ári fagnar félagið 10 ára afmæli í netheimum.

Félagsskírteinin komu úr prentun í apríl og var dreift stuttu síðar, páskavertíðin kom sterk inn með 3 frábærum flugdögum og miklum mannfjölda út á velli. Vagninn okkar var fluttur út á Arnarvöll og gekk sú ferð að óskum.

Í maí var komið að hinni árlegu Frístundahátíð Reykjanesbæjar þar sem Flugmóðelfélagið stóð sína vakt venju samkvæmt og vakti flug á loftskipinu mikla athygli. Vallarstjóri og gjaldkeri skelltu saman startborðum og var þeim vel tekið á meðal félagsmanna. Vorverk voru unnin á Arnarvelli, almenn snyrting og umhirða á vallarsvæðinu. Um miðjan mánuðinn var svo 600 kg af áburði dreift um svæðið og tók það um 90 mínútur í rigningu og roki. Brúni skúrinn var líka fluttur til undir öruggri stjórn Magga Óla. Hvítasunnan var frábær fluglega séð og voru dæmi um það að menn dveldu á vellinu frá morgni og fram á kvöld.

Fyrstu vikuna í júní var ekki flugfært sökum rigninga, það stytta þó upp þann 10.júní og það kvöld iðaði allt af lífi. Þann 11.júní skrifaði félagið undir samstarfssamning við Reykjanesbæ eins og svo mörg undanfarin ár. 12.júní var svo komið að lendingarkeppni félagsins og var hún vel sótt en 10 flugmenn mættu og skemmtu sér konunglega og oft saúst ansi skrautleg tilprif. Ástkær formaður vor, Magnús Kristinsson, hafði sigur eftir harða rimu og bráðabana við Guðna Sigurjónsson, Eiður Erlendsson varð í þriðja sæti. Guðni vallarstjóri skellti svo upp girðingu milli skúranna upp úr miðjum mánuðinum.

Í byrjun júlímánaðar var ráðist í það að stækka öryggissvæðið við Hlíðarenda og voru RR verktakar okkur innan handar með vélavinnuna en að henni lokinni var svæðið rakað og sléttað og því næst var sáð í það og áburði dreift en einnig var áburði dreift á brautirnar. Nýr vindpoki var settur upp. Stjórnarfundur var haldinn í Suðurgarði 24, hjá Magnúsi Formanni. Þar voru fyrirbyggjandi verkefni rædd.

Í ágúst voru loksins fjarlægðar greniafklippurnar sem höfðu verið okkur þyrnir í augum síðan við tókum við svæðinu. Gengið var frá bílastæðum og girðing sett upp í kringum pittinn. Um miðjan mánuðinn hélt félagið svo grillveislu fyrir velunnara félagsins en með því vildum við þakka þeim fyrir ómetanlegan stuðning síðasta árið og kynna fyrir þeim breytingarnar sem höfðu orðið á svæðinu. Ekki viðraði vel til flugs en Guðni lét það ekki stoppa sig og tók tvö flug fyrir viðstadda. Annars var líf og fjör samkvæmt venju.

Ljósanótt rann svo upp laugardaginn 1.september en vegna snælduvitlaus veðurs þá var flugkomunni frestað fram á sunnudaginn, sem var svo sem ekki verra því þá var eins árs vígsluafmæli vallarins, og fengum við fínasta veður þá, þó með smá golu. Fréttavefsflugkoman var haldin á sama tíma en þátttaka hefur oft verið betri. Fyrsta svifflugstogið var framkvæmt en þar voru að verki Steinþór Agnarsson og Jón V.Pétursson.

Í október gerðist ekki mikið nema það hækkaði og hækkaði í Seltjörn sem var svo sem ekki skrýtið þar sem það rigndi nánast allan mánuðinn og gott betur. En auðvitað var hækking vatnsborð hagnýtt fyrir sportið.

Nóvember var líka rólegur en þó fór að bera á vetrarstillum og eitthvað var flogið. Stjórnarfundur var haldinn í Norðurgarði 6 hjá Sverri. Keypt var fundargerðarbók og verða allir fundir ritaðir í hana eftirleiðis. Ætlunin er að rita alltaf fundargerð í tölvu og líma hana inn í bókina.

Desember var nokkuð góður mánuður fluglega séð þó margar lægðir hafi gengið yfir landið. Hitamet var sett laugardaginn 8.desember þegar flogið var í -15°C gaddi, það reddaði þó málum að logn var annars hefði mönnum ekki verið stætt. Daginn eftir var hitinn þó kominn upp í -4°C og var mikið flogið þann, Félagið afsalaði sér einnig Stekk til Reykjanesbæjar en ekki reyndist borga sig að nýta það vegna ástands á því en 100 fermetra húsnæði hefði verið stórfínt í félagsaðstöðu.

Árið hefur svo sannarlega verið fljótt að líða en það var líka mjög skemmtilegt, þó nokkur fjölgun hefur orðið í klúbbum og eigum við án efa eftir að sjá nokkra nýja félagsmenn bætast í hópinn á næsta ári. Nú þegar eru 8 atburðir komnir á dagskrá fyrir næsta ár og hver veit nema þeim eigi eftir að fjölga. Sverrir vann í að klippa saman videoannál 2007 sem að mestu var tekið á videovél MK og verður afrakstur þess sýndur núna á aðalfundinum.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins

 Flugmóðelfélag Suðurnesja Ársreikningur 2007			
	Inn	Út	
Uppgerð á vagni		96.444 kr.	
Vallarmál		83.676 kr.	
Auglýsing w/Stekks		37.767 kr.	
Veitingar		25.957 kr.	
Skrifstofukostnaður		13.664 kr.	
Tryggingar		13.580 kr.	
Eldsneyti		3.708 kr.	
Jólagjöf RR		3.444 kr.	
Kerrumál		1.350 kr.	
Fjármagnstekjuskattur		615 kr.	
Styrkir	490.000 kr.		
Félagsgjöld	137.811 kr.		
Vextir	6.150 kr.		
Samtals á árinu	633.961 kr.	280.205 kr.	
Fært frá fyrra ári	19.754 kr.		
Samtals	653.715 kr.	280.205 kr.	
Samtals eign í árslok	373.510 kr.		
Velta á árinu	933.920 kr.		

Eignir	Verð
JR-662 fjarstýring sendir	15.000
Sláttuvél	160.000
Orf	20.000
Kerra	450.000
Bátur	20.000
Rafstöð	25.000
Samtals	690.000

Flugbrautir og vallarsvæði	31.500.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000

Samtals eignir	32.190.000
-----------------------	-------------------

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en þó má gera ráð fyrir að leggja þurfi út í einhvern kostnað vegna framkvæmda í tengslum við aðstöðumál á Arnarvelli.

Ég legg til að félagsgjöld verði óbreytt, 3.000 fyrir yngri en 18 ára og 7.500 fyrir aðra.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu eftir 1.febrúar, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma er bent á að hafa samband við gjaldkera.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og gjaldkera.

Tillögur og lagabreytingar

Er:

3. grein - Félagar

Allir áhugamenn um móðelflug geta orðið félagar í FMS. Umsækjandi telst félagi er stjórn félagsins hefur staðfest umsókn hans og hann greitt félagsgjald. Gjaldkeri og formaður hafa umboð stjórnar í þessu efni.

Verður:

3. grein - Félagar

Allir áhugamenn um móðelflug geta orðið félagar í FMS. Umsækjandi telst félagi er stjórn félagsins hefur staðfest umsókn hans og hann greitt félagsgjald. Gjaldkeri og formaður hafa umboð stjórnar í þessu efni **en þó skal stjórn taka fyrir allar hafnanir.**

Önnur mál

Liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Minnisblað